

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár
nr. 1170/2012 með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við c-lið 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef jöfnunarsjóður nær 6 milljónum evra skulu umfram framlög leggjast við 1. vinning, nema ef 1. vinningur er yfir 25 milljónum evra. Í þeim tilfellum helst umfram fjárhæðin inni í jöfnunarsjóði. Ef jöfnunarsjóður er hærri en 6 milljónir evra í næsta útdrætti eftir að 1. vinningur hefur gengið út, skal umfram fjárhæðin bætast við 1. vinning.
- b. Í stað orðanna „2. vinningsflokk í næsta útdrætti” í a-lið 2. mgr. kemur: jöfnunarsjóð.
- c. b-liður 2. mgr. orðast svo:
engin þáttakandi hafi allar 6 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks fara í jöfnunarsjóð.
- d. 6. mgr. fellur brott.

2. gr.

3. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

3. *Vikingslotto:*

Sex réttar aðaltölur og Víkingatala	1:61.357.560
Sex réttar aðaltölur	1:15.339.390
Fimm réttar aðaltölur og Víkingatala	1:243.482
Fimm réttar aðaltölur	1:60.871
Fjórar réttar aðaltölur	1:950
Þrjár réttar aðaltölur	1:53

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26/1986, öðlast gildi 1. október 2026.

Dómsmálaráðuneytinu,

2026.